

	<b>ORKUSTOFNUN</b>	Grensásvegur 9 108 REYKJAVÍK os@os.is	Sími - 569 6000 Fax - 568 8896 <a href="http://www.os.is">http://www.os.is</a>
---	--------------------	---	--

6.12.2006

Efnahags- og viðskiptanefnd.

**Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörugjald, virðisaukaskatt o.fl. 416. mál.**

Orkustofnun leyfir sér hér með að senda efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um ofangreint frumvarp, þrátt fyrir að þess hafi ekki verið óskað af hálfu nefndarinnar, en stofnunin telur brýnt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

Samkvæmt 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur í lægra skattþrepi, þar á meðal húshitun, verði lækkaður út 14% í 7% þann 1. mars 2007. Á það bæði við um heitt vatn og raforku til húshitunar. Samkvæmt reglugerð nr. 484/1992, m.s.br. er allt að 63% virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns endurgreiddur. Með núverandi endurgreiðslu vsk af rafhitun, 63% af 14%, greiða notendur 5,18% vsk vegna húshitunarinnar. Falli endurgreiðslur niður hækkar raforkuverð fyrir heimili með rafhitun með hámarksniðurgreiðslu um u.þ.b. 1,2% í stað þess að lækka um 1,7%. Svipað gildir hjá þeim hitaveitum sem njóta fullrar endurgreiðslu. Í frv. er þó ekki fjallað um framangreindar endurgreiðslur og því ekki ljóst hvort að ætlunin sé að fella þær niður.

Orkustofnun og RARIK hafa áður bent á að ekki gangi að hafa mismunandi virðisaukaskatt á vöru á samkeppnismarkaði eftir því til hvers hún skal notuð. Þannig ber sú orka sem bundin er í heitu vatni í dag 14% virðisaukaskatt hvort heldur sem orkan er notuð til að hita húsnæði, til baða eða annað. Jafnframt er 14% virðisaukaskattur á rafmagni til húshitunar (með allt að 63% endurgreiðsla að auki) svo og á olíu sem ætlað er til beinnar húshitunar en 24,5% virðisaukaskattur á raforku til annarra nota.

Orkustofnun hefur lengi bent á að það fyrirkomulag að hafa mismunandi þrep á virðisaukaskatti á raforku eftir notkun hennar sé óframkvæmanleg, auk þess sem hún bjóði heim hættu á misnotkun. Vandinn varð enn skýrari eftir gildistöku raforkulaganna frá 2003 og hættan á misnotkun eykst þegar munurinn á skattþrepum er stóraukinn eins og nú er ráðgert. Í kjölfar gildistöku raforkulaga á árinu 2003 var felldur niður mismunur á töxtum fyrir raforku svo og flutning og dreifingu eftir því til hvers ætti að nota orkuna. Til að unnt væri að halda sérstaklega utan um virðisaukaskatt af raforku til húshitunar þyrfti að vera unnt að mæla hana sérstaklega, en það er yfirleitt ekki gert. Þá er söluaðili raforku, í nýju samkeppnisumhverfi, ekki í neinum tengslum við sölustað notanda og hefur engar opinberar upplýsingar til að styðjast við um hvort húshitun eigi sér stað með raforku eður ei og þá hvaða virðisaukaskatt leggja beri á orkuna.

Bent skal á að niðurgreiðslur á raforku til húshitunar eru einskorðaðar við heimili og er heildarraforkunotkun skipt með gefnu hlutfalli á rafhitun og aðra heimilisnotkun. Að auki er ákveðið hámark á niðurgreiðslunni fyrir hvert heimili. Hvergi virðist t.d. haldið utan um hvort að sumarbústaðir noti rafmagn eða aðra orku til húshitunar. Sölufyrirtæki eða þaðan af síður aðrir óskyldir aðilar munu ekki hafa aðgang að upplýsingum um niðurgreiðslur vegna húshitunar til einstakra notenda.

Orkustofnun leggur til að virðisaukaskattur á raforku verði samræmdur og um leið verði sérstök endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns felld niður. Orkustofnun áréttar að verði virðisaukaskattur af rafmagni samræmdur í einu virðisaukaskattþrepi og sérstakar endurgreiðslur felldar niður, munu orkureikningar rafhitanotenda einfaldast til muna og orkureikningar flestra annarra nokkuð.

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif breytingatillagna fyrir nokkra hópa notenda, en heildarorkureikningur þeirra allra mun lækka verði farið að tillögum stofnunarinnar. Hér er miðað að því að sameina orku á lægra virðisaukaskattþrepinu.

	A ári	A ári	Mismunur	Hlutfall
Rafhitun 34.000 kWh, 6.000 kWh ljós	Verð í dag	7% hiti og 63% afsláttur		
RARIK þéttbyli	172.111	169.153	-2.958	-1,7%
RARIK dreifbyli	183.706	180.610	-3.096	-1,7%
OV þéttbyli	153.223	150.691	-2.532	-1,7%
OV dreifbyli	185.488	182.431	-3.057	-1,6%
Rafhitun 34.000 kWh, 6.000 kWh ljós	Verð í dag	7% hiti og afsláttur fellur niður		
RARIK þéttbyli	172.111	174.189	2.078	1,2%
RARIK dreifbyli	183.703	185.881	2.178	1,2%
OV þéttbyli	153.223	155.002	1.779	1,2%
OV dreifbyli	185.488	187.636	2.148	1,2%
Rafhitun 34.000 kWh, 6.000 kWh ljós	Verð í dag	7% af öllu		
RARIK þéttbyli	172.111	166.881	-5.230	-3,0%
RARIK dreifbyli	183.706	177.730	-5.976	-3,3%
OV þéttbyli	153.223	147.918	-5.305	-3,5%
OV dreifbyli	185.488	179.012	-6.476	-3,5%
Almennur notandi í Reykjavík	Verð í dag	7% vsk. af öllu rafmagni		
OR 4.500 kWh	44.160	37.953	-6.207	-14,1%
OR 7.000 kWh	64.267	55.233	-9.034	-14,1%
Heitt vatn í Reykjavík	Verð í dag	7% vsk. af öllum hita		
OR 200 m2 hús	95.554	89.687	-5.867	-6,1%
Almennur notandi á Akureyri	Verð í dag	7% vsk. af öllu rafmagni		
NO 4.500 kWh	43.053	37.001	-6.052	-14,1%
NO 7.000 kWh	62.164	53.426	-8.738	-14,1%
Heitt vatn á Akureyri	Verð í dag	7% vsk. af öllum hita		
NO 180 m2 hús	79.490	80.758	1.268	1,6%
Almennur notandi á Ísafirði	Verð í dag	7% vsk. af öllu rafmagni		
OV 4.500 kWh	44.571	38.306	-6.265	-14,1%
OV 7.000 kWh	63.869	54.891	-8.978	-14,1%
Húshitun á Ísafirði	Verð í dag	7% hiti og 63% afsláttur		
R/O veita 34.000 kWh	84.013	81.928	-2.085	-2,5%
Húshitun á Ísafirði	Verð í dag	7% hiti og afsláttur fellur niður		
R/O veita 34.000 kWh	84.013	85.467	1.454	1,7%

Nú greiða heimilin og opinberir aðilar u.þ.b. 70 millj. kr. í vsk vegna rafhitunar. Hér verður litið fram hjá skattgreiðslum opinberra aðila eins og skóla og spítala. Af framangreindri upphæð greiða heimilin 60 millj. kr. Verði endurgreiðslur vsk ekki afnumdar lækka tekjur af vsk. frá heimilunum niður í 30 millj. kr. Verði endurgreiðslur hins vegar aflagðar fer skattbyrði heimilanna upp í 80 millj. kr. Orkustofnun metur að skatttekjur af hefðbundnum hitaveitur hækki um ca. 40 millj. verði endurgreiðslur felldar niður, en búast má við að yfir 92% hitaveitunotenda muni njóta góðs af lækkun vsk. þrátt fyrir að endurgreiðslur féllu niður á móti.

Verði vsk. á rafmagni almennt lækkaður niður í 7% fara tekjur ríkissjóðs úr u.þ.b. 1.000 millj. kr. niður í 300 millj. kr. Orkustofnun áætlar að það að fella niður endurgreiðslur á vsk (vegna sölu á heitu vatni og rafmagni til húshitunar) og lækka vsk. á rafmagni niður í 7% muni þýða lægri skatttekjur upp á u.þ.b. 600 millj. kr. frá því sem þegar hefur verið boðað, sem munu renna beint til heimilanna.

Virðingarfyllt

Þorkell Helgason      Elín Smáradóttir